

Fundargerð háskólaráðs

340. fundur daginn 19. desember 2013

fundaherbergi 402, Borgum, kl. 14.20 -

Staðgengill rektors Sigurður Kristinsson setti fund kl. 14.20.

Mættir voru auk hans:

Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Hjörleifur Einarsson fulltrúi háskólasamfélagsins

Kristín Ástgeirsdóttir fulltrúi menntamálaráðherra

Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs, á símafundi

Svanfríður Inga Jónasdóttir fulltrúi háskólaráðs, á símafundi

Aníta Einarisdóttir fulltrúi nemenda

Aðrir mættir:

Guðrún María Kristinsdóttir ritari rektors

Gestir:

"[nöfn og starfsheiti]"

Sigurður kynnti dagskrána. Eitt mál var á dagskrá.

1. Ráðningamál rektors

"[málsnúmer]"


Skipunartími Stefáns B. Sigurðssonar rennur út 1. júlí 2014. Samkvæmt 23. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna ber að tilkynna embættismönnum eigi síðar en 6 mánuðum áður en skipunartími þeirra rennur út hvort embættið verður auglýst laust til umsóknar.

Með vísun til [8. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla](#) og [5. gr. reglna nr. 387/2009 fyrir Háskólann á Akureyri](#) fjallar háskólaráð um ráðningu rektors, hvort auglýsa skuli stöðuna lausa þegar skipunartími rektors rennur út.




Háskólaráð fjallaði um málið á 340. fundi sínum 19. desember 2013 og sammæltist um eftirfarandi niðurstöðu: Háskólaráð Háskólans á Akureyri telur það eðlilegt vinnulag að staða rektors sé auglýst laus til umsóknar í lok hvers fimm ára ráðningartímabils. Samfélagið hefur á undanförunum árum gert auknar kröfur um gagnsæi í stjórnsýslu og opinberum stöðuveitingum. Í ljósi þess telur háskólaráð það jákvætt fyrir starf rektors að það sé almenn regla að sá sem embættinu gegnir hverju sinni sækí um endurnýjun umboðs hafi hann hug á að gegna því lengur en fimm ár í senn.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. "[tími]" .



Hella



Anna Gunnarsdóttir



Svandís Jónsdóttir